

REGLUGERÐ

um leiguflug til og frá Íslandi.

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI.

1. gr.

Með hugtakinu „leiguflug“ í reglugerð þessari er átt við óreglubundið flug til flutnings á farþegum í loftförum, sem hafa hámarks flugtaks massa 5700 kg eða meira eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleirum.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka einnig til leiguflugs með vörur, eftir því sem við á.

2. gr.

Leiguflug til og frá íslenskri lofthelgi er háð leyfi flugmálastjórnar.

Slíkt leyfi er óheimilt að framselja.

Leyfi til leiguflugs er ennfremur háð þeim skilyrðum, sem fram koma í reglugerð þessari. Að auki getur flugmálastjórn sett nánari reglur um skilyrði varðandi verðlagningu leigufurða.

Ef leigufurðir eru farnar í loftförum, sem ekki eru í eigu flytjandans eða hann hefur sambærileg umráð yfir samkvæmt leigusamningi, þarf til þess sérstakt leyfi.

3. gr.

Leyfi til leiguflugs hvort, sem er til eða frá Íslandi, skal veita að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar reglugerðar. Þó getur samgönguráðuneytið takmarkað eða bannað alveg leiguflug, einstakar ferðir eða um tiltekinn tíma á tilteknum flugleiðum, þar sem reglubundið áætlunarflug er fyrir á meðan það er stundað, enda fullnægi framboð á áætlunarleiðum eftirspurn og áætlunarleyfishafi fullnægi þeim skilyrðum sem honum eru sett í leyfisbréfi um tíðni ferða, um þjónustu að öðru leyti, um far- og farmgjöld og annað, sem skilyrði kunna að verða sett um.

Við mat á því hvort áætlunarflug þjónar tilteknum stað augljóslega, skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Fjarlægð milli áætlunarflugvallar og hins tiltekna staðar.
- b. Samgöngum milli þeirra: tíðni ferða, tíma sem þær taka og þeim samgöngutækjum sem völ er á.
- c. Hvort ferðalag milli staðanna bakar ferðafólki mikla og óþarfa fyrirhöfn eða fjárútlát.

4. gr.

Loftför, sem notuð verða til leiguflugs til og frá Íslandi skulu tryggð fyrir slysum á farþegum og tjóni á varningi sem fluttur er, svo og tjóni sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna loftfarsins, í samræmi við reglur um váttryggingar vegna loftfara.

5. gr.

Flugmálastjórn getur krafist þess, að umsóknir um leyfi til leiguflugs séu á þar til gerðum eyðublöðum.

6. gr.

Þegar rætt er um umsóknarfresti í þessari reglugerð, reiknast laugardagar, sunnudagar og almennir hátíðis- og helgidagar ekki með í þeim fresti.

II. KAFLI

ALFERÐIR

A. Skilyrði leyfisveitingar.

1. Flug frá Íslandi

7. gr.

Alferðir nefnist leiguflug þar sem allt hið leigða rými skal notað eingöngu til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

8. gr.

Alferð er ferð sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a. Ferðatilhögun sé þannig, að sameiginleg sé flugferð frá brottfararstað og til baka aftur, gisting og skoðunarferðir, ef einhverjar eru. Það telst einnig alferð ef flugferð er sameiginleg frá brottfararstað og til baka aftur og bifreið (langferða- eða bílaleigubíll) sem leigð er allan tíma ferðarinnar.
- b. Við brottför frá Íslandi skulu þátttakendur hvers alferðarhóps eigi vera færri en 10 og bundnir við sömu ferðatilhögun á vegum sama leigutaka. Heimilt er að flytja fleiri en einn slíkan hóp í sama loftfari, enda fullnægi hver þeirra ákvæðum þessarar reglugerðar að öðru leyti.
Séu þátttakendur færri en 10, er engu að síður heimilt að fara ferðina, enda hafi leigutaki greitt fyrir a. m. k. 10 farþega. Auð sæti, sem með þessu móti kunna að skapast er óheimilt að selja nema allir þættir alferðarinnar fylgi jafnframt.
- c. Brottför og heimför skal vera sameiginleg öllum þátttakendum í hverri alferð um sig. Sú skylda hvílir á flytjanda og leigutaka, að gæta þess, að allir þátttakendur í alferð komi saman heim. Sé það eigi unnt skal tilkynning þar um berast flugmálastjórn í síðasta lagi þegar eftir komu loftfarsins til Íslands.
- d. Breytingar á flugáætlan þeirri sem var grundvöllur leyfis til alferðar eru háðar samþykki flugmálastjórnar.
- e. Leyfi flugmálastjórnar eða staðfest afrit af því, skal vera í loftfari er flytur alferðarhópin. Skylt er að sýna það fulltrúum flugmálastjórnar eða öðrum hlutaðeigandi opinberum starfsmönnum ef krafist er.

9. gr.

Þátttakendur í alferð skulu greiða fyrir alla þætti ferðarinnar. Endurgreiðsla vegna einstakra þátta ferðarinnar er óheimil.

10. gr.

Aðila, sem tekið hefur loftfar á leigu, til að nota í alferðum og skráður er leigutaki hjá flugmálastjórn, er óheimilt að framselja leigurétt sinn.

11. gr.

Nú fullnægir leigutaki ekki skyldum sínum samkvæmt samningi og er flytjandi engu að síður skyldur til að flytja þá farþega aftur til Íslands, sem hann hefur flutt þaðan.

2. Flug til Íslands.

12. gr.

Allt hið leigða rými í loftfari, hvort sem leigutaki er einn eða fleiri, má eingöngu nota til flutnings á þátttakendum í alferðum og farangri þeirra.

Að auki skal alferðin uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Í ferðinni sé innifalin flugferð til Íslands og til baka aftur, svo og gisting þann tíma sem dvalið er á Íslandi.
- b. Í stað gistingar er heimilt að innifalinn sé bílaleigubíll þann tíma sem dvalið er á Íslandi, eða skipulagðar ferðir með langferðabílum þannig að innifalin sé svefnaðstaða og fæði.

13. gr.

Þátttakendur skulu greiða fyrir alla þætti ferðarinnar. Endurgreiðsla einstakra þátta ferðarinnar er óheimil.

14. gr.

Nú fullnægir leigutaki ekki samningsskyldum sínum skv. leigusamningi og er flytjanda engu að síður skylt að flytja til baka þá farþega sem hann hefur flutt til Íslands.

B. Umsóknir.

15. gr.

Nái umsókn til fjögurra alferða eða færri á tímabili, sem telst tveir samliggjandi almanaksmánudir eða minna, skal hún hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaða brottför í fyrstu ferðina.

Sé sótt um leyfi til fleiri en fjögurra alferða á tímabili, sem telst tveir samliggjandi almanaksmánudir eða minna, skulu umsóknarfrestir vera sem hér segir: Ef ferðirnar eru fyrirhugaðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október skulu umsóknir hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 15. febrúar á því ári. Sé sótt um fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. mars, þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 1. október, næst á undan umræddu tímabili.

16. gr.

Í umsókn um leyfi till alferða skulu eftirtalin atriði greind:

- a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
- b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
- c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími til og frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
- e. Skilmálar alferðanna, svo sem einstök atriði dagskrár, gistingar, bílaleigubílar ef um slíkt er að ræða, hver greiðsla sé ákveðin fyrir hvern farþega o. s. frv.
- f. Upplýsingar um váttryggingar skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

C. Farþegalistar.

17. gr.

Fyrir hverja alferð ber að útbúa farþegalista, og skal honum skilað til flugmálastjórnar í síðasta lagi 4 dögum eftir að alferðin hófst. Skal hann vera skýrt og skilmerkilega ritaður og innihalda eftirtaldar upplýsingar:

- a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
- b. Dagsetning, tímaáætlun og númer flugs.
- c. Brottfarar- og ákvörðunarstað.

d. Nafn, nafnnúmer, heimilisfang og síma leigutaka.

e. Nöfn farþega, nafnnúmer og heimili.

Fljúgi einhver aðili án endurgjalds ber að taka það sérstaklega fram á farþegalistanum.

Séu fleiri en einn alferðarhópur í sömu flugferðinni ber að tilgreina brottför og heimkomu sérstaklega fyrir hvern hóp.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga ef sérstakar ástæður þykja til.

III. KAFLI

LEIGUFLUG FYRIR FÉLAGSSAMTÖK.

A. Skilyrði leyfisveitingar.

18. gr.

Allt rými loftfars skal leigt tilteknum félagssamtökum. Þó er heimilt að allt að þrjú slík félagssamtök hafi loftfar á leigu í sameiningu, enda hafi þau sameiginlegt markmið með fluginu.

19. gr.

Félagssamtök, sem sækja um leyfi til leiguflugs skulu hafa verið til í a. m. k. 2 ár þegar leyfið er veitt, hafa starfað jafnt og þétt og hafa annað markmið en ferðalög og skipulagningu þeirra.

Félagar í samtökum, sem sækja um leyfi til leiguflugs, skulu eigi vera fleiri en 5000.

Þátttakendur í leigufluginu skulu hafa verið skráðir félagar í samtökunum í a. m. k. 6 mánuði þegar ferðin hefst eða vera maki félaga eða barn undir 18 ára aldri, sem er á framfæri hans.

Aðild að viðkomandi félagssamtökum skal sanna með þeim hætti, sem talin er fullnægjandi, svo sem með framlagningu félagsskrteinis, kvittun fyrir greiðslu félagsgjalda, afriti úr félagatali eða öðrum sambærilegum hætti.

Formaður félagsskapar eða annar sem er í fyrirsvari fyrir hann, skal undirrita sérstakt eyðublað til staðfestingar á því að skilyrðum 19. og 22. gr. sé fullnægt.

B. Umsóknir.

20. gr.

Umsóknir um leyfi til leiguflugs fyrir félagssamtök skulu berast flugmálastjórn 15 dögum fyrir áætlaða brottför sé flogið til eða frá stöðum innan Evrópu. Ef um er að ræða flug til eða frá stöðum utan Evrópu er fresturinn 30 dagar.

21. gr.

Í umsókninni skulu eftirtalin atriði greind:

- a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
- b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
- c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- d. Nafn, nafnnúmer, heimilisfang og sími leigutaka og afrit af leigusamningi.
- e. Upplýsingar um váttryggingar skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari gagna eða upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

C. Farþegalistar.

22. gr.

Farþegalista ber að útbúa fyrir hverja leiguferð, sem farin er á vegum félagasamtaka. Listann skal senda flugmálastjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir brottför.

Að öðru leyti skal um farþegalistann búa í samræmi við ákvæði í 17. gr. þessarar reglugerðar, eftir því em við á.

IV. KAFLI LEIGUFLUG TIL EIGIN NOTA.

A. Skilyrði leyfisveitingar.

23. gr.

Leigutaki skal hafa á leigu allt rými loftfarsins. Honum ber og að hafa ákveðið ákvörðunarstað flugsins.

Ferðina má ekki auglýsa í fjölmiðlum eða með öðrum opinberum hætti.

Leigutaki tekur á sig öll útgjöld varðandi ferðina og er honum óheimilt að taka endurgjald fyrir þátttöku í ferðinni og annað sem henni fylgir.

B. Umsóknir.

24. gr.

Umsóknir um leiguflug til eigin nota skulu berast flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaða brottför frá eða komu til Íslands.

25. gr.

Í umsókn um leyfi til leiguflugs til eigin nota skulu eftirfarandi atriði greind:

- a. Nafn, nafnnúmer og heimili flytjanda.
- b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
- c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
- e. Markmið ferðanna, sem sótt er um leyfi fyrir.
- f. Upplýsingar um váttryggingar skv. 4. gr.

V. KAFLI NÁMSMANNAFLUG.

A. Skilyrði leyfisveitingar.

26. gr.

Leigutaki skal hafa á leigu allt rými loftfarsins og vera viðurkennd menntastofnun eða nemendasamtök við slíka stofnun.

Þessir aðilar geta verið þátttakendur í leiguflugi fyrir námsmenn:

- a. Nemendur í háskóla eða öðrum hliðstæðum menntastofnunum.
- b. Fólk sem lokið hefur lokaprófi frá stofnun á því ári sem ferð er farin.
- c. Nemendur á öðrum lægri skólastigum, hafi þeir lokið námsefni a. m. k. eins misseris við viðkomandi skóla.
- d. Kennarar og annað starfsfólk viðkomandi skóla eða aðrir sem nauðsynlegir þykja til að leiða slíka hópa.
- e. Makar námsmanna og börn undir 18 ára aldri, sem eru á framfæri námsmanna.

Leigutaki eða annar sem er í fyrirsvari fyrir hann, skal sanna að ákvæðum þessarar greinar sé fullnægt, með framlagningu nemendaskírteina, afrit úr nemendaskrá eða öðrum sambærilegum hætti sem fullnægjandi getur talist.

B. Umsóknir.

27. gr.

Nái umsókn til fjögurra flugferða eða færri á tímabili, sem telst tveir samliggjandi almanaks mánuðir eða minna, skal hún hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum áður en áætlað er að leggja upp í fyrstu ferðina.

Sé sótt um fleiri en fjórar leiguferðir á tímabili sem telst tveir samliggjandi almanaks-mánuðir eða minna, skal umsóknarfrestur vera sem hér segir: Ef ferðirnar eru fyrirhugaðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október skulu umsóknir hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 15. febrúar á því ári. Sé sótt um fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. mars, þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 1. október næst á undan umræddu tímabili.

28. gr.

Í umsókn um leyfi til námsmannaflugs skulu eftirfarandi atriði greind:

- a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
- b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
- c. Dagsetning og áætlaður komu og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
- e. Upplýsingar um váttryggingu skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

VI. KAFLI

LEIGUFLUG VEGNA SÉRSTAKRA VIÐBURÐA.

29. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til leiguflugs, sem farið er vegna sérstakra viðburða, svo sem íþróttaviðburða, listviðburða, ráðstefna o. s. frv.

A. Skilyrði leyfisveitingar.

30. gr.

Leigutaki skal hafa allt rými loftfarsins á leigu og mega ekki aðrir vera með í för en þeir sem hyggjast taka þátt í eða vera viðstaddir viðburðinn.

31. gr.

Brottför og heimför skal vera sameiginleg öllum þátttakendum í ferðinni og samrýmast þeim viðburði sem er tilefni ferðarinnar.

Í ferðinni á að vera innifalið a. m. k. ferð fram og til baka, ferð frá flugvelli til þess staðar sem viðburður fer fram á og til baka aftur og aðgangur að honum.

Sérhver þátttakandi greiðir fyrir alla þætti ferðarinnar og er endurgreiðsla vegna einstakra þátta óheimil.

B. Umsóknir.

32. gr.

Umsóknir um leyfi til leiguflugs vegna sérstakra viðburða verða að hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaða brottför eða komu til Íslands.

33. gr.

Í umsókn um leyfi til leiguflugs vegna sérstakra viðburða skulu eftirfarandi atriði greind:

- a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
- b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
- c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
- e. Viðburðurinn sem er tilefni ferðarinnar og einstakir þættir ferðarinnar.
- f. Upplýsingar um váttryggingar skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

VII. KAFLI
VIÐURLÖG GILDISTAKA OG FLEIRA.

34. gr.

Brot gegn reglum þessum varða afturköllun leyfa, synjun frekari leyfa og sektum eða varðhaldi.

35. gr.

Eftirlit með því að framangreindum reglum sé framfylgt er í höndum flugmálastjórnar. Getur flugmálastjórn krafist flytjanda, leigutaka eða farþega um þær upplýsingar sem þörf er talin á, til að ganga úr skugga um að ekki sé um ólöglegt athæfi að ræða.

36. gr.

Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar ef sérstökum ástæðum er til að dreifa.

37. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

**um breyting á reglum nr. 23 29. janúar 1982 um bráðabirgða-
tollafgreiðslu gegn fjártryggingu.**

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Greiðsla skv. 1. gr. skal vera útreiknuð ríkissjóðsgjöld af viðkomandi vörusendingu að viðbættum 25%, þó aldrei lægri fjárhæð en 5000 krónur.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Fyrir tollmeðferð vöru samkvæmt reglum þessum skal greiða til viðkomandi tollstjóra-embættis sérstakt afgreiðslugjald, 500 krónur, sem greiðist við fullnaðartollafgreiðslu vöru og rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 21. og 23. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og toleftirlit með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.